

---

## Aukin framleiðsla hjá Fiskeldinu Haukamýri, Norðurþingi

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### 1 Inngangur

Þann 18. október 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Fiskeldinu Haukamýri ehf. á Húsavík um aukna framleiðslu Fiskeldisins, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 1.09 og 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Norðurþings, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Veðurstofunnar og Orkuveitu Húsavíkur.

#### 2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Tilkynning um aukningu á framleiðslu hjá Fiskeldinu Haukamýri upp í allt að 850 tonn hámarks lífmassa af laxfiskum. Fyrirspurn um matsskyldu. 10. október 2022.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá

- Norðurþingi 3. nóvember 2022
- Náttúrufræðistofnun Íslands 22. nóvember 2022
- Umhverfisstofnun 21. nóvember 2022
- Hafrannsóknastofnun 17. nóvember 2022
- Fiskistofu 24. nóvember 2022
- Matvælastofnun 7. nóvember 2022
- Minjastofnun Íslands 17. nóvember 2022
- Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 15. nóvember 2022
- Orkuveitu Húsavíkur 25. nóvember 2022

Veðurstofan tilkynnti um að hún sæi sér ekki fært um að veita umsögn.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 16. og 23. nóvember 2022.

#### 3 Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að auka framleiðslu hjá Fiskeldinu Haukamýri í allt að 850 tonna hámarks lífmassa af laxfiskum. Núverandi heimild er fyrir framleiðslu á 450 tonnum af bleikju og 300.000 laxaseiðum í eldskerjum á landi. Fyrirhuguð stækkun eldisins verður staðsett á núverandi svæði starfseminnar, sem er iðnaðarsvæði (I4) og er stærð skipulagssvæðisins um 3,8 ha. Svæðið er nú þegar mjög raskað.



Mynd 1: Rauð brotalína sýnir mörk skipulagssvæðisins (mynd úr greinargerð framkvæmdaraðila)

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að framleiða bæði seiði og matfisk og verður um eftirfarandi tegundir laxfiska að ræða:

- Lax: Hrogn verða fengin frá Stofnfiski á Íslandi (heitir nú Benchmark Genetics).
- Regnbogasilungur: Hrogn verða flutt inn frá AquaSearch.
- Bleikja: Tveir stofnar, eigin stofn frá Litluá í Kelduhverfi og svo hrogn frá kynbótaverkefningu á Hólum í Hjaltadal.

#### Vatnstaka

Allt kalt vatn sem nýtt er í fiskeldisstöðinni er sjálfrennandi úr lindum á svæðinu, og eru um 400-450 l/s af vatni til ráðstöfunar. Fiskeldið Haukamýri er með samning við Orkuveitu Húsavíkur um vatnstöku sem nemur allt að 300 l/s af 4°C heitu vatni sem er í gildi til ársins 2040. Mögulegt vatnsmagn af 4°C vatni er 150 l/s og af 40-50°C kælivatni er 57 l/s en fram kemur að fiskeldið muni ekki fullnýta heimildir í ofangreindum vatnssamningum. Aukin framleiðsla byggist á meiri endurnýtingu á vatni frá því sem nú er, og fer vatnið í gegnum hreinsibúnað og er loftað og súrefnisbætt fyrir næstu notkun. Ef þörf er á verður farið út í að nota lífhreinsa (RAS kerfi) fyrir hluta af eldinu. Búið er að koma fyrir hreinsitromlum í loftunarhúsi við lengdarstraumskarið og einnig er fyrirhugað að setja upp hreinsibúnað við endann á karinu.

Í umsögn Norðurbings er bent á mikilvægi þess að vatnsstaða í Svarðarmýrartjörn verði vöktuð í tengslum við vatnstöku úr Gvendarsteinsmýri.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Fiskeldið Haukamýri hafi í samráði við Orkuveitu Húsavíkur skipulagt vöktun á vatnssstöðu í Svarðarmýrartjörn. Vatnsstaðan verði mæld og skráð einu sinni í mánuði.

#### Frárennsli

Allt frárennsli fer um eina lögn sem liggur frá fiskeldinu niður að bakkanum og rennur þar niður í fjöru. Vegna haföldu er ekki raunhæft að frárennislislögnin nái út fyrir stórstraumsfjöru og verður því farin sú leið að hreinsa vel allt vatn sem kemur frá stöðinni áður en það fer í viðtakann og tryggja að það uppfylli allar tilskyldar kröfur um hreinsun á frárennislisvatni. Í frárennislögninni verður komið fyrir 1. stigs hreinsun, aðstöðu til að þykkja seyrna og geymslurými fyrir seyrna. Jafnframt verður komið fyrir fiskfangara sem frekari vörn gegn slysasleppingum.



#### *Fastur úrgangur*

Miðað við 850 tonna lífmassa er gert ráð fyrir að það verði að hámarki 1,6 tonn af úrgangi á dag þegar mest er. Úrgangur verður fjarlægður með hreinsun á frárennslisvatni til að uppfylla kröfur starfsleyfis á hverjum tíma. Reiknað er með að aukaafurðir geti orðið allt að 30-90 tonn á mánuði og verða þær allar seldar í gæludýrafóður. Frárennsli er hreinsað og er gert ráð fyrir allt að 400 tonnum af úrgangi sem verður nýttur til uppgræðslu í sveitarfélaginu eða til annarra nota skv. leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji afar jákvætt að það eigi að endurnýta allan úrgang eins og kostur sé og bendir á að samkvæmt nýrri stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum sé stefnt að því að banna alfarið urðun lífbrjótanlegs úrgangs.

#### *Mannvirki*

Athafnarsvæðinu er skipt í 4 reiti. Fyrirhugað er að byggja nýtt eldishús, byggja við núverandi eldiskör og gera viðbyggingar við núverandi byggingar, byggingar fyrir hreinsun á frárennslisvatni, skrifstofubyggingu og þjónustuhús.

## **4 Umhverfisáhrif**

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Fiskeldisins Haukamýri og umsögnum umsagnaraðila.

#### **Áhrif á viðtakann, sjór**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að frárennsli hafi hingað til ekki verið hreinsað áður en því er hleypt niður í fjöruna. Umhverfisstofnun hafi reglulega tekið út fjöruna neðan við frárennslid án þess að gera athugasemdir og hafi mælingar á næringarefnum verið innan viðmiðunarmarka starfsleyfis. Fram kemur að þrátt fyrir aukna framleiðslu megi gera ráð fyrir að minna af lífrænum leifum fari út um frárennsli fiskeldisins þar sem það verði hreinsað áður en það fari út í sjó fyrir opnu hafi og komi til með að blandast fljótt og berast með straumum norður með Tjörnesi. Framkvæmdaraðili telur að áhrif framkvæmdarinnar á viðtakann verði óveruleg.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að stefnt sé að mikilli aukningu á framleiðslu og ljóst að magn af úrgangi aukist til muna og sé stærsta áskorunin að tryggja að hreinsun frárennslis gangi eftir. Stofnunin bendir á að best væri ef vöktun næði yfir allt áhrifasvæði mengunar sem berst með fráveitu, bæði fjöru næst fiskeldisstöðinni sem og strandsjó norður með Tjörnesi.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra kemur fram að mikilvægt sé að áhersla verði lögð á að bestu fánlegu tækni verði beitt við hreinsun affallsvatns frá fiskeldinu, enda hafi komið fram að útrásir haldi ekki vegna ágangs sjávar.

#### **Áhrif á villta laxastofna**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að hér sé um að ræða eldi í kerum á landi og því ólíklegt að fiskur sleppi úr eldisstöðinni. Ristar með hæfilegri ristarstærð séu í yfirfalli á öllum eldiskerum til varnar sleppingum auk þess sem frárennsli eldiskara verði beint í gegnum hreinsun með síum sem fangi fisk auk rista í frárennsli og viðbragðsáætlun við slyasleppingum. Framkvæmdaraðili telur að áhrif aukinnar framleiðslu á villta laxastofna verði óveruleg.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar Íslands er bent á mikilvægi þess að komið sé í veg fyrir að fiskar sleppi úr stöðinni með viðeigandi búnaði s.s. tromlusíum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að nú þegar séu tvær ristar á öllu kerfinu þ.e.a.s. tvær ristar þurfi að gefa sig til að fiskur sleppi úr stöðinni. Til viðbótar verði sett upp 1. stigs hreinsun sem



veiti vörn gegn slysasleppingum, hvort sem það verði gert með tromlusíum eða með öðrum hætti sem henti betur komi í ljós þegar hönnun á hreinsuninni sé lokið

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að stofnunin telji að með þeim aðgerðum sem kynntar séu af framkvæmdaraðila séu litlar líkur á því að fiskur muni berast frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska. Þar sem um sé að ræða landeldi sé ekki mikil hætt á að smit berist í villta stofna og hægt sé að bregðast við ef sjúkdómar komi upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.

#### **Áhrif á gróður og fugla**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé ekki hluti af svæði sem flokkist sem mikilvægt fuglasvæði. Töluvert sé af mávategundum, sérstaklega við frárennsli stöðvarinnar. Þar sem megnið af lífrænum leifum verði hreinsað úr vatninu áður en það renni í viðtakann muni það koma til með að draga úr ágangi fugla. Fram kemur að lítið sé af öðrum fuglategundum á svæðinu. Fram kemur að framkvæmdin sé á vel grónu en röskuðu svæði og melum sem hafi verið græddir upp með lúpínu. Framkvæmdaraðili telur að fyrirhuguð stækkun eldisins komi til með að hafa óveruleg áhrif á gróður og fuglalíf.

Í umsögnum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands er bent á að fyrirhuguð framkvæmdasvæði austan og norðaustan við núverandi eldi sé vel gróið og þar sé að finna vistgerðir sem þarfnast verndar en gera þyrfti betri úttekt á gróðurfari svæðisins og um leið athuga hvort svæðið sé nýtt fyrir varp mófugla. Umhverfisstofnun bendir á markmið laga um náttúruvernd um að stefnt skuli að því að viðhalda fjölbreytni vistgerða innan náttúrulegra útbreiðslusvæða þeirra með þeirri tegundafjölbreytni og þeim vistfræðilegu ferlum sem einkenna hverja vistgerð og vekur athygli á þeim möguleika að byggingarreitir verði afmarkaðir í samræmi við verndargildi vistgerða svæðisins. Náttúrufræðistofnun bendir á að við frekari uppbyggingu ætti frekar að horfa til lúpínusvæða vestan og sunnan við núverandi athafnasvæði. Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið norðaustan við núverandi lóð sé að miklu leyti þegar raskað svæði og ekki hafi orðið vart við mikið fuglalíf á því svæði en leitast verður við að halda öllu raski í lágmarki eins og kostur er.

#### **Áhrif á ásýnd og útivist**

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram það mat að fyrirhuguð stækkun komi ekki til með að breyta mikið ásýnd svæðisins frá því sem nú sé vegna núverandi atvinnustarfsemi og að mannvirki eldisstöðvarinnar verði lítt sýnileg frá þjóðvegi. Þá er fiskeldið staðsett á iðnaðarsvæði sem sé ekki áhugavert til útivistar. Í skipulagi er gert ráð fyrir að hægt verði að ganga neðan við eldisstöðina á bakkanum ofan við fjöruna en tryggt verður að aðgengi gangandi verði ekki takmarkað frá því sem nú er. Framkvæmdaraðili telur áhrif framkvæmdanna á ásýnd og útivist verði óveruleg.

## **5 Skipulag og leyfi**

Fyrirhuguð framkvæmd er í samræmi við Aðalskipulag Norðurlands 2010-2030.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Norðurlands samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi sveitarfélagsins samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti. Auk þess er hún háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um fráveitur og skólp og rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi.



## 6 Niðurstaða

Um er að ræða aukna framleiðslu hjá Fiskeldinu Haukamýri, í allt að 850 tonna hámarks lífmassa af laxfiskum. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 1.09 og 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi hennar, nýtingar náttúruauðlinda og úrgangsmyndunar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar og verndarákvæða. Einnig ber að líta til álagsþols náttúrunnar, svo sem með tilliti til haf- og strandsvæða, votlendissvæða og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa, m.a. umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Um er að ræða nokkuð mikla framleiðsluaukningu miðað við núverandi eldi og þ.a.l. mun magn úrgangs aukast og má búast við meira magni uppleystra næringarefna og úrgangs í frárennsli frá eldinu. Framkvæmdaraðili hyggst setja upp svokallaða 1. stigs hreinsun á frárennslinu en frárennsli frá eldinu hefur hingað til farið óhreinsað út í viðtakann. Í ljósi ofangreinds má búast við að þrátt fyrir aukið framleiðslumagn munu áhrif á viðtakana fjöru og sjó ekki verða neikvæðari m.t.t. mengunar en við núverandi aðstæður svo fremi sem tryggt verði að hreinsun skili tilætluðum árangri. Stofnunin bendir á mikilvægi vöktunar og eftirlits sem setja þarf ákvæði um í starfsleyfi. Hafrannsóknarstofnun bendir á mikilvægi þess að komið sé í veg fyrir að fiskar sleppi frá eldisstöðinni með viðeigandi búnaði og hyggst framkvæmdaraðili setja upp hreinsibúnað, auk þess sem tvær ristar séu nú þegar á öllu kerfinu auk þess sem settur verði upp fiskfangari til viðbótar við hreinsunina sem frekari vörn gegn slyasleppingum. Fiskistofa telur að með þeim aðgerðum sem framkvæmdaraðili setur fram séu litlar líkur á því að fiskur sleppi frá stöðinni. Í ljósi ofangreinds er það mat Skipulagsstofnunar að ekki sé líklegt að til slyasleppinga komi með mögulega neikvæðum áhrifum á villta laxastofna. Unnt er setja ákvæði í leyfi um vöktun á virkni búnaðar sem á að koma í veg fyrir slyasleppingar og um viðbragðsáætlun ef til þess kæmi að fiskur slyppi út.

Fram kemur í umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar að vistgerðir sem njóti verndar sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði en í raun vanti nánari úttekt á svæðinu bæði með tilliti til gróðurfars og fuglalífs. Framkvæmdaraðili telur hins vegar að svæðið sé nú þegar mjög raskað. Skipulagsstofnun telur tiltekna óvissu fyrir hendi um gróðurfars og fuglalíf fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og þ.a.l. áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þessa umhverfisþætti en tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun að æskilegt sé að fram fari úttekt á gróðurfari og fuglalífi fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis sem stækkunin tekur til áður en komi til leyfisveitinga. Með því móti lægi fyrir traustari grundvöllur til þess að staðsetja fyrirhuguð mannvirki með þeim hætti að tekið sé tillit til mögulegra verndaðra vistgerða og að öðru leyti til svæða sem mikilvægast sé að raska ekki eða þar sem halda þurfi raski í lágmarki.

### Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 25. janúar 2023.



Reykjavík, 19. desember 2022

Jakob Gunnarsson

Jóhanna Hrunn Einarisdóttir